

3.03 Umsókn um mengandi starfsemi - starfsleyfi til fiskeldis

Vinnsla þessi byggir á: Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

Upplýsingar um mál

Málsnúmer: 1903053	Móttekið: 1.3.2019 13:28:50
-----------------------	--------------------------------

Innskráður notandi

Nafn Heiðdís Smáradóttir Netfang heiddis@samherji.is	Kennitala 1405724389 Símanúmer 4627972
---	---

Samskipti - NÝTT

Svör og athugasemdir vegna þessarar umsóknar verða sendar á eftirfarandi netfang:
heiddis@samherji.is

Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Nafn Samherji Fiskeldi ehf	Kennitala 6104061060 <input type="checkbox"/>
Starfsstöð fyrirtækis Sigtún Símanúmer Ábyrgðarmaður umsóknar Heiðdís Smáradóttir Netfang ábyrgðarmanns heiddis@samherji.is	Póstnúmer 671 Kópaskeri Sími ábyrgðarmanns 5609000
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar Netfang tengiliðs	Sími tengiliðs

Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Forsaga starfseminnar í Sigtúnum eins og hún er í dag er sú að Samherji fiskeldi í Núpsmýri (áður Silfurstjarnan) gerði árið 2010 samstarfssamning við bleikjukynbótastöð Hólaskóla, en samkvæmt honum átti Samherji fiskeldi að taka að sér og kosta eldi og varðveislu á úrtaki úr hverjum árgangi bleikjukynbótanna á Hólum í eldisstöð sinni að Sigtúnum. Þetta var hugsað til þess að Hólar ættu þarna vara-klakfisk ef eitthvað kæmi upp á í kynbótastöðinni að Hólum. Samherja fiskeldi er samkvæmt samningi þessum heimilt að nýta klakfiskinn til hrognaframleiðslu til eigin nota. Í Sigtúnum eru nú 3 ljósastýrðir hópar af klakfiski sem gefa af sér samtals um 330 lítra af hrognum árlega. Stefnt er á að stækka hrygningarhópana á næstu árum og auka við hrognaframleiðslu og þegar hefur verið bætt við 4 nýjum kerjum svo að og hægt sé að fjölga fiskum í ljósastýrðum hópum. Sú framkvæmd var gerð í samstarfi

við landeiganda og skipulags- og byggingafultrúa Norðurþings og er frágangi við framkvæmdina hér um bil lokið. Til ársins 2010 voru framleidd bleikjuseiði í Sigtúnum en stöðin var byggð um 1990, þarna fór því fram bleikjuseiðaframleiðsla í 20 ár áður en stöðin var nýtt undir klakfisk og núverandi starfsemi. Stöðin hefur frá upphafi verið rekin undir starfs- og rekstrarleyfi eldisstöðvar Samherja í Núpsmýri í Öxarfirði (áður Silfurstjarnan). En MAST setti fram þá kröfu árið 2017 að stöðin fengi sérstakt rekstrarleyfi. Umsókn um sérstakt rekstrarleyfi fyrir stöðina var send til MAST haustið 2018. Lýsing á starfssemi Hrognafarmleiðsla Framleiðsla hrognna í Sigtúnum mun fara fram með sama hætti og hingað til. Um er að ræða þrjá ljósastýrða hópa sem hrygna á mismunandi tímum ársins. Hóparnir gefa af sér samtals um 330 lítra af hrognum á ári, sem eru nýttir í framleiðslu Samherja fiskeldis (Íslandsbleikju er ekki heimilt að selja þessi hrogn). Að meðaltali er fjöldi fiska í stöðinni um 5500-6000 fiskar með meðalþyngd á bilinu 60g til 6 kg og meðal lífmassi í stöðinni á milli 5,0 og 6,0 tonn. Hver klakfiskur nýtist aðeins í 3-4 skipti í hrygningu eftir að hann er orðinn kynþroska. Árlega dettur því hluti af elsta fiskinum út (drepst eða er fargað ? nýttur í loðdýrafóður). Kynbótastöðin á Hólum sendir árlega til Sigtúna hóp af sérvöldum kynbóta-seiðum sem nýtast til endurnýjunar klakfiskahópanna þriggja. Fyrirséð er að bleikjuframleiðsla muni aukast töluvert á næstu árum með tilkomu fyrirtækisins Matorku og stækkun eldisstöðva Íslandsbleikju. Það er því ljóst er að kynbótastöðin á Hólum mun ekki geta ekki framleitt það hrognamagn sem þarf til að standa undir þeirri aukningu. Nýlega var bætt við 4 kerjum í Sigtúnum til að auka eldisrými en það gefur svigrúm til þess að fjölga klakfiskum í hverjum hrygningarhóp og auka þannig við hrognafarmleiðsluna. Stækkun klakfiskahópa tekur langan tíma og mun ekki verða að fullu lokið fyrr en 2024. Þá má reikna með að standandi lífmassi í stöðinni verði um 10 - 11 tonn. Ekki er um eiginlegt fiskeldi/framleiðslu að ræða, en heildar vöxtur á árinu 2017 var um 3 tonn. Eftir fulla stækkun má reikna með tvöföldun á þeim vexti eða um 6 tonn á ári. Eldisbúnaður og fyrirkomulag Eldiskerinn í Sigtúnum eru úr trefjaplasti. Heildar eldisrými stöðvarinnar í dag er um 502 m³ og ekki stendur til að stækka stöðina umfram það. Töluverðar endurbætur hafa verið gerðar á stöðinni síðustu árin og hafa þær allar verið gerðar í samráði við landeiganda og skipulags- og byggingafultrúa Norðurþings (sjá samning við landeiganda í fylgiskjali). Smáseiði frá Hólum eru alin í kerjum inni í húsi en þar eru einnig ker sem nýtt eru til flokkunar og geymslu hrygningarfisks í þær vikur sem hrygning stendur yfir í hverjum hóp. Lítil útiker meðfram húsinu eru notuð til ljósastýringar og geymslu á seiðum (verðandi klakfiski) en stóru kerin (50 rúmmetra ker) eru notuð fyrir stærri fisk. Aðeins einn starfsmaður er að jafnaði að störfum í stöðinni en á hrygningartíma bætast við 1 ? 2 aðstoðarmenn sem annars starfa hjá Samherja fiskeldi í Núpsmýri. Fóðurnotkun og fóðrunaraðferðir Fiskurinn er fóðraður eftir lyst og eru fóðrarar staðsettir yfir/við öll ker. Klakfiskur hættir að éta c.a. 4 vikum fyrir hrygningu og byrjar ekki að éta aftur fyrr en nokkrum vikum eftir hrygningu. Vel er fylgst með áti hrygningarfisks og um leið og verður vart við minni lyst er dregið úr fóðrun. Fóðurnýting versnar eftir því sem fiskurinn verður stærri og stærstu fiskarnir 3-6 kg nýta fóðrið ekki vel til vaxtar. Heildar fóðrun á síðasta ári var um 5 tonn. Eftir stækkun er reiknað með að heildar fóðrun verði á bilinu 10-11 tonn á ári.

Uppdrættir af staðsetningu
Sigtún - Yfirlitsmyndir og teikningar.pdf

Afrit af staðfestu deiliskipulagi
Deiliskipulag.pdf

Lýsið staðháttum við vinnslustað
(rekstrarsvæði)
Greinargerð - Staðhættir.pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Notað er fiskeldisfóður frá fóðurverksmiðjunni Laxá, seiðafóður fyrir seiðin og sérstakt klakfiskafóður fyrir stærri fiskinn. Efni sem eru notuð í eldinu eru hreinsiefni sem notuð eru til að þrifa ker þegar þau eru tæmd. Áætluð næringarsamsetningu fóðursins er áætluð sem hér segir en gera má ráð fyrir talsverðri óvissu í hverjum þætti: Meltanleg orka MJ/kg: 22 Brúttó orka MJ/kg: 24 Prótein: 38% Fita: 29% Kolvetni: 14% Aska: 7% Þurrefni: 92% Gert er ráð fyrir að nota eingöngu fóður frá Laxá sem gert verður úr hágæða fiskimjöli, lýsi, repjuolíu, mais, hveiti, sojamjöli,

vitamín, steinefnum og natturulegu litarefni.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Reikna má með verri fôðurnýtingu við geymslu á klakfiski heldur en við hefðbundið eldi á matfiski. Fiskurinn nýtir fôðrið aðeins að hluta til vaxtar og mikil orka fer í myndun hrognna og svilja. Þannig minnkar fôðurnýting fiska með aukinni þyngd og fôðurstuðullinn verður þar af leiðandi hærri. Hér fyrir neðan eru sýndir hefðbundnir útreikningar á losun næringarefna í eldi laxfiska (Wang et. al.2012). Hér er tekið er tillit til hærri fôðurstuðuls og þess að heldur meira fôður fer til spillis. Athugið að þessar tölur endurspeglar heildar losun á einu ári eftir fulla stækkun. Ekki er um að ræða miklar sveiflur í losun þar sem standandi lífmassi er mjög stöðugur. Töflu sem sýnir útreikningana er að finna í greinargerðinni um áhrif losunar á umhverfið (þar sem það virðist ekki vera mögulegt að setja töflur og myndir beint inn á gáttina).

Lífræn úrgangsefni: Kolefni (C) alls: 1192 kg ? þar af 179 kg á uppleystu formi og 1013 kg á föstu formi. Köfnunarefni (N) alls: 132 kg ? þar af 20 kg á uppleystu formi og 112 kg á föstu formi. Fosfór (P) alls: 23 kg ? þar af 10 kg á uppleystu formi og 56 kg á föstu formi Reiknað er með að heildar losun næringarefna á ári geti orðið um 4,3 tonn á ári eða um 12kg á dag og af því er aðeins 25% á föstu formi. Samherji fiskeldi notar hugbúnaðinn Fish Talk, sem er framleiðslustýringarkerfi fyrir fiskeldisstöðvar. Slíkt kerfi auðveldar allt eftirlit. Fôðrun, dauði, meðalvigt, hitastig ofl. eru slegin inn í kerfið svo eitthvað sé nefnt.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali.

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Greinargerð - Áhrif losunar á umhverfið.pdf

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Ekki er um að ræða neinar mengunarvarnir þar sem ekki er um að ræða eiginlegt eldi og losun er þar af leiðandi mjög lítil.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið?

Greinargerð - Áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun.pdf

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Þar sem ekki er um framleiðslu á fiski að ræða er fiskurinn fôðraður eftir matarlyst. Mjög vel er þó fylgst með því að yfirfôðrun sé eins lítil og hægt er og dregið úr fôðrun um leið og verður vart við minni lyst.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Mjög vel er fylgst með fôðrun.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Allur dauðfiskur er tekinn daglega og hann nýttur til loðdýra/gæludýrafóður gerðar.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Á ekki við

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Framleiðsla á eldisfiski í Öxarfirði er mest hjá Samherja fiskeldi í Núpsmýri en þar er leyfi fyrir 3000 tonna framleiðslu.

Rifós hf hefur leyfi til framleiðslu á allt að 1000 tonnum af bleikju og laxi við og í svokölluðu Innra Lóni í Kelduhverfi.

Framleiðsla þar hefur líkt og hjá Samherja fiskeldi í Núpsmýri, verið töluvert undir leyfilegu magni síðustu ár. Þar sem

Rekstraraðili telur óhugsandi að losun frá Sigtúnum komi til með að valda sammögnunaráhrifum. Viðtakinn, Landsá rennur út í Jökulsá á Fjöllum sem er með meðalrennsli um 183 m³/s og er talin bera með sér um 5000 tonn af aur á ári hverju.

Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar

Sýniseintak:

<http://mast.is/library/Upplýsingar/vidbragdsaaetunbradamengun.pdf>

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar

Sýniseintak:

http://mast.is/library/Upplýsingar/http___eur-lex.europa.pdf

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Stöðin í Sigtúnum hefur hingað til verið rekin undir starfs- og rekstrarleyfi Samherja fiskeldis í Núpsmýri í Öxarfirði (áður Silfurstjarnan). Starfssemin hefur undanfarin ár verið undir eftirliti UST og MAST og ekki hafa komið fram alvarleg frávík í því eftirliti. Það má jafnframt taka fram að eldisstarfsemi hefur farið fram í Sigtúnum í tugi ára og aldrei hafa komið fram kvartanir vegna starfsseminnar. Um er að ræða klakfiskastöð þar sem standandi lífmassi verður ekki meiri en 10-11 tonn á hverjum tíma. Ekki er um hefðbundið eldi að ræða og telur rekstraraðili að starfsemin muni ekki hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda fylgir ekki með þar sem ekki er um að ræða neina olíutanka eða efnageymslu á svæðinu sem gætu skapað hættu á slíku.

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvuna

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvuna

Fylgiskjal 6 - Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.pdf

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004

Fylgiskjal 7 - Frjáls ábyrgðartrygging staðfesting.pdf

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Viðbótargögn

Ákvörðun Skipulagsstofnunar Sigtún.pdf